

Fasteignagjöld árið 2006

Meðfylgjandi er álagningarseðill fasteignagjalda fyrir árið 2006.

5% afsláttur er veittur ef öll gjöldin eru greidd 15. febrúar eða fyrr.

Greiðslutilhögun. Greiða má fasteignagjöldin með greiðsluseðli í banka, sparisjóði og í pósthúsi eða með boðgreiðslum.

Gjalddagar eru sjö á árinu: 1. febrúar, 1. mars, 1. apríl, 1. maí, 1. júní, 1. júlí og 1. ágúst. Ef ekki er greitt fyrir eindaga, sem er 15 dögum eftir gjalddaga, reiknast dráttarvextir.

Gjöld eru lögð á fasteignir og lóðir samkvæmt eftirfarandi álagningarreglum og stuðlum:

Álagningarreglur	álagning 2006		leyfileg álagning	
	íbúðar húsnæði	aðrar fasteignir	íbúðar húsnæði	aðrar fasteignir
Fasteignaskattur	0,43%	1,49%	0,625%	1,65%
Lóðarleiga	1,50%	3,00%	5,00%	5,00%
Vatnsgjald	0,30%	0,30%	0,40%	0,40%
Holræsagjald	0,22%	0,22%	0,48%	0,48%
Sorpgjald	20.000 kr.	gjaldskrá		

- Fasteignaskattur, vatnsgjald og holræsagjald eru reiknuð út frá fasteignamati húss og fasteignamati lóðar.
- Lóðarleiga er reiknuð út frá fasteignamati lóðar.
- Sorpgjald er lagt á íbúðarhúsnæði 20.000 kr. á sorptunnu, 9.700 kr. fyrir sorphirðu og 10.300 kr. fyrir sorpeyðingu.
- Sorpeyðingargjald 5.150 kr. á fasteign er lagt á sumarbústaði og íbúðarhúsnæði með ákvæði um takmörkun á íveru vegna snjóflóðahættu. Á fyrirtæki, stofnanir og félög er lagt sorpeyðingargjald samkvæmt sérstakri gjaldskrá.

Elli- og örorkulífeyrisþegum er veittur afsláttur af fasteignaskatti og holræsagjaldi vegna íbúða þeirra til eigin nota. Afslátturinn að hámarki 64.000 kr. er tekjutengdur.

Kærufrestur álagningar er til 28. febrúar 2006.

Vinsamlegast hafið samband við bæjarskrifstofurnar í síma 450 8000 ef óskað er frekari upplýsinga.

Ísafjarðarbæ, 1. febrúar 2006.
Bæjarstjórinn.